



Kæru vinir og samstarfsfólk,

Ég hef ákveðið að gefa kost á mér til áframhaldandi setu á kirkjuþingi. Ég kom inn sem varamaður á seinasta kjörtímabili og það var dýrmæt reynsla þó það hafi einungis verið í stuttan tíma. Mig langar til þess að halda áfram að vinna að þeim málum sem brenna á mér.

Án þess að vilja hafa þetta langt langar mig að benda á nokkra punkta sem eru mér efst í huga fyrir komandi kjörtímabil.

- **Tími mikilla breytinga.** Seinasta kjörtímabil hafði í för með sér miklar breytingar. Í kjölfarið átti sér stað stefnumótunarvinna og það er mikilvægt að við höldum henni áfram og forgangsröðum fjármálum og vinnu samkvæmt niðurstöðum hennar. Fjármálin þarf að taka föstum tókum en þó þannig að það komi ekki niður á grunnþjónustu kirkjunnar. Það er vandasamt og ekki öfundsvert verk fyrir neinn, en með því að forgangsraða, dreifa verkefnum og kanna þjónustuþörf og gera breytingar eftir henni tel ég það vera vel hægt.
- **Sameiningar.** Það þarf að passa að sameiningar prestakalla verði ekki til þess að skerða þjónustu innan þeirra og það þarf að liggja fyrir mjög skýrt skipulag og framtíðarsýn fyrir prófastsdæmin í heild áður en kemur til fleiri sameininga til þess að þær séu til hagsbóta fyrir alla aðila.
- **Unga fólk.** Ég þreystist ekki á því að berjast fyrir því að við komum fleira ungu fólki að í kirkjunni. Í störf, stjórnir og nefndir bæði í yfirstjórninni og innan sókna. Þetta er hægt en það þarf að vera vilji allra að gefa ungu fólki rými og tækifæri innan stjórnsýslu kirkjunnar, ungt fólk er nefninlega ekki bara framtíð kirkjunnar heldur líka nútíð hennar og vill fá að taka þátt í að móta hana.
- **Eignarsafn kirkjunnar.** Það þarf að gera skýra eignarstefnu fyrir kirkjuna. Ég tel að það sé hægt að nýta eignir kirkjunnar mun betur og hagræða þannig til í þeim rekstrarlið. Við þurfum að hafa skýra sýn á það hvaða eignir við viljum eiga og hvað við þurfum ekki að eiga og hvernig við getum nýtt það sem við eigum mun betur til þess að við þurfum ekki að selja þessar eignir í meira mæli. Á prestsetrum landsins og öðrum jörðum Þjóðkirkjunnar eru mikil tækifæri.

- **Sterkari tenging við grasrótina.** Góð og opin samskipti við leikmenn, sóknarnefndarfólk og sóknarbörn um allt land þegar teknar eru ákvarðanir sem snerta þau er algjör lykill og þar má gera miklu betur.

Ég gæti eflaust haldið áfram endalaust, en þetta er það sem er efst í huga mér þessa stundina. Það er mikil vinna að vera á kirkjuþingi og ekki alltaf öfundsverð en ég er tilbúin til þess að leggja hana á mig og standa vörð um Þjóðkirkjuna fjögur árin.

Bestu kveðjur,

Sr. Þuríður Björg W. Árnadóttir

Sóknarprestur Hofsprestakalls

849-4911